


Á vinnustofunni hjá Sveini. Til hægri: Sem betur fer lendir alltaf eitthvað af litnum á léreftið, en myndin af Sveini sýnir, að liturinn lendir víðar.

LÍFIÐ ER KÖNGULÓ-ARVEFUR



Greinarstubbar og viðtalsbútar við Svein Björnsson, listmálara og leyni lögreglumann í Hafnarfirði, sem nú sýnir verk sín að Kjarvalsstöðum.

Eftir Gísla Sigurðsson

SVEINN Björnsson sýnir verk sín á Kjarvalsstöðum um þessar mundir. Það er fyrsta sýning hans í „Musterinu“. Samt hefur hann haldið fleiri sýningar í Reykjavík, Hafnarfirði, Kaupmannahöfn og úti á landi en að hann muni tölu þeirra í fljótu bragði. Og Sveinn er ekki heldur að brjóta nein bönn, þótt hann sýni á Kjarvalsstöðum. Skýringin á því er sú, að Sveinn er ekki í Félagi íslenzkra myndlistarmanna. Einhvern tíma var hann borinn upp þar og félagsmenn greiddu atkvæði um, hvort þeir ættu að taka hann í félagið. „En ég var að sjálfsögðu felldur,“ segir Sveinn og hlær tröllahlátri um leið og hann bætir við: „Ég var vitaskuld ekki nógu góður.“

Þesskonar smámuni lætur Sveinn Björnsson ekki á sig fá, enda orðinn því vanur að hafa nokkurn mótbyr. Gagnrýnendur hafa haft sérstakt yndi af því að skamma Svein, enda fer hann sínar eigin götur og gefur sig lítt að klíkunum. Hann minnir á Bjart í Sumarhúsum og færir sig aðeins innar á heiðina, þegar þeir gerast erfiðir á Útirauðsmýri.

Sem málari hefur Sveinn hafizt af sjálfum sér og löngum þurft að sinna brauðstritinu fyrst áður en röðin kæmi að listinni. Uppá síðkastið hefur hann verið rannsóknarlögreglumaður í Hafnarfirði við góðan orðstír, enda stundum í gamni nefndur Sveinn Sérlokk eftir frægum kollega. Það vill til að Sveinn er hamhleypa til vinnu og hraustur eftir því. Flestir væru búnir að fá nóg eftir þann vinnudag, sem stundum liggur að baki og ekki minna álag á taugakerfið en hvað annað að yfirheyra innbrotsþjófa og aðra afbrotamenn. Þá kemur fyrir að fullorðin menn bresta í grát og Sveinn verður að vera í senn sálusorgari og sálfræðingur, þegar játningin liggur á borðinu. Þetta er umfram allt vettvangur tilfinningamála, sem reynir mjög á taugakerfið og mætti halda að þesskonar vinna sé ekki heppileg fyrir listamann.

— Hvað tekur Sérlokk mikinn tíma á degi hverjum?

— Allan daginn og stundum nóttina líka. Það er aldrei friður og sum mál eru þess eðlis, að maður getur ekki hætt að hugsa um þau, eftir að heim er komið. En ég hvíli mig á málverkinu; þá kemst ég í annan heim, sem ég lifi mig inn í og helzt vildi ég geta hætt öllu öðru stússi.

Það hefur líka komið fyrir að ég hafi fengið símhringingu um miðja nótt, þar sem mér var sagt að búa mig sem snarast undir andlátið, því ég yrði myrtur innan tíðar. Ég hafði óljósan grun um, hver talaði og sagði honum bara að slíkar hótanir gætu engin áhrif haft á mig, því ég yrði samkvæmt spádómi 95 ára. Núna stend ég á fimmtugu og á þar af leiðandi heila mannsævi eftir, að minnsta kosti heila læknisævi.

Sveinn hefur vinnustofu uppi á lofti heima hjá sér að Köldukinn 12 í Hafnarfirði. Þar er hvorki vítt til veggja né tiltakanlega hátt til lofts, að minnsta kosti ekki undir súðinni. En vinnustofan er hlýlega innréttuð og birtan kemur að ofan og er góð. Svo mikið er þar af myndum, að málarinn kemst varla fyrir lengur og á veggi íbúðarinnar á neðri hæðinni er hlaðið myndum. Sveini hefur með tímanum áskotnazt gott málverkasafn. Í fyrsta lagi á hann nokkrar myndir eftir móðursystur sína, Júlíönu Sveinsdóttur. En þar að auki myndir eftir Gunnlaug Scheving og Jón Engilberts, sem voru miklir vinir hans og tóku honum strax hlýlega. Sveinn á líka mynd eftir Veturliða, Jón Gunnarsson, Per Dahl, Ebbu Carstensen, Guðna Hermannsen, Ryseby og fleiri. Þar hangir líka meðal annarra verka fyrsta mynd Sveins: Hafíshröngl á Halamiðum, máluð um borð í togaranum Júlí árið 1948. Einnig götumyndir frá Patreksfirði og Dagverðareyri, gerðar í landlegum, venjuleg byrjandaverk.

Auk vinnustofunnar á loftinu hefur Sveinn aðra suður í Krýsuvík. Honum finnst bráðnauðsynlegt að hafa tvær vinnustofur og helzt þrjár; það sé svo hollt og gott að skipta um umhverfi.

— En finnst þér ekki önugt að þurfa að steðja alla leið til Krýsuvíkur til þess að mála?

— Ekki nokkur skapaður hlutur. Auk þess hefur það sinn tilgang. Þar kemst ég frá símanum og kvabbinu. Verði innbrot eða útbrot, þá verða þeir bar að ná í aðra Sérlokka.

—

Bústjórahúsið í Krýsuvík hafði staðið ónotað um 15 ára skeið og var nálega ónýtt af viðhaldsleysi, þegar Sveinn fékk þar inni síðastliðið vor. Hann réðst í endurbætur af sínum kunna dugnaði; kom miðstöðinni í lag og málaði húsið að utan og innan. Hann málaði fugl, sem nær yfir allt forstofuloftið og goðkynjaðar verur á hurðirnar. Auk þess prýða húsið gamlir og virðulegir munir, sem Sveini áskotnuðust úr bústað Júlíönu frænku hans í Danmörku.

Á neðri hæð hússins eru tvær samliggjandi stofur og þar getur Sveinn málað miklu stærri myndir en á loftinu heima hjá sér. Og þá er Sveinn fyrst í essinu sínu, þegar hann hefur nógu stórt léreft fyrir framan sig. Geysistórt málverk af línuveiðum tekur svo til yfir heilan vegg. Þar sækir Sveinn í reynslu sína af sjó og málar eftir minni. Á annarri sjósóknarmynd getur að líta draumkonuna, sem hvíslar að aflamanninum, hvar fiskur liggur undir steini.

Þetta hús stendur eitt sér og þar ríkir kyrrðin líkt og uppi á öræfum. Og allt í kring: Hrikalegur berangur og umfram allt myndrænn. Sumar af fyrstu myndum sínum málaði Sveinn einmitt við Kleifarvatnið og nú er hann farinn að mála þar aftur, svona ganga hlutirnir ævinlega í hring. En hann málar sjaldnast landslagið eitt nú orðið, enda hefur hann það á tilfinningunni í Krýsuvík, að hann sé þar ekki einn á ferð, þótt svo eigi að heita að enginn sé með honum.

— Mér finnst stundum að einhver standi nærri og horfi yfir öxlina á mér á það sem ég er að gera. Það er ekki óþægilegt. Þetta er bara tilfinning; ég hef ekki beinlínis séð neitt. En ég hef gert ráð fyrir, að þetta sé huldufólk og það hefur verið mér hugstætt eins og sjá má á mörgum myndum.

Í rauninni hefur Sveinn haft þriðju vinnustofuna í Öldutúns skóla í Hafnarfirði; þar getur hann málað ennþá stærri myndir og þar málaði hann meðal annars stærstu mynd, sem enn hefur verið máluð á léreft á Íslandi. Hún er af fiskveiðum á sjó og prýðir heilan gafl í JL húsinu við Hringbraut. Í Öldutúnsskóla geymir Sveinn nokkur stórverk á veggjum, vegna þess að hann hefur ekki húsrými fyrir þau annars staðar, þar á meðal mynd um Hafnarfjörð, þar sem fjallað er um gömlu húsin og innfædda Gaflara.

— En hversvegna byggirðu ekki stóra vinnustofu heima; hvað geturðu betra gert við alla þessa lóð?

— Satt segirðu, enda ætlaði ég að gera það og var búinn að fá Þorvald Þorvaldsson arkitekt til þess að teikna vinnustofu. Svo fékk byggingarnefndin hér í Firðinum teikninguna til umfjöllunar og komst að þeirri gáfulegu niðurstöðu, að húsið væri of hátt. Mig minnir að það hafi átt að skyggja á norðansólina hjá einhverjum í nágrenninu.

Við Gaflarar höfum alltaf haft mjög framsýna menn í stjórn bæjarmála. Til dæmis spurðu þeir mig, hvað gert mundi við vinnustofuna eftir að ég væri dauður og hvort hún yrði ekki bara notuð fyrir bílaverkstæði þegar þar að kæmi. En eins og ég sagði þér áðan, á ég eftir að mála í heila mannsævi og það er vissulega erfitt að svara því, hvað kann að gerast þar á eftir. En sem sagt; yfirvöldin hafa meinað mér að byggja vinnustofu og þar við situr.

